

Yfirlýsing frá Öldrunarfræðafélagi Íslands

Vegna þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996

Öldrunarfræðafélag Íslands fagnar þeim tillögum sem settar eru fram í þingsályktunartillögu um að veita opinberum starfmönnum möguleika á að halda áfram í starfi eftir að 70 ára aldri er náð. Tekið er undir það ákvæði sem vitnað er í úr kjarasamningi BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem heimilar að framlengja starfsaldur um allt að tvö ár, sé þess óskað að hálfu starfsmanns.

Það er mat okkar í Öldrunarfræðafélagi Íslands að þetta sé rökrétt skref er horft er til hækkandi lífaldurs en ekki síst til þess að stuðla að jafnrétti sem tryggir að opinberir starfsmenn sitji við sama borð og starfsmenn á hinum almennum vinnumarkaði.

Stjórn Öldrunarfræðafélag Íslands